

Kirkjuþing 2023-2024

22. mál – þskj. 22b

Nefndarálit og breytingartillaga

við tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 13/2021-2022.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Frsm. Árni Helgason.

Meiri hluti fjárhagsnefndar hefur fjallað um málið á þskj. 22 og bendir á að þeir sem rita firmað geta veitt umboð til undirritunar skjala þar sem firmaritunar er krafist.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan á þskj. 22a verði samþykkt með eftirfarandi

b r e y t i n g a r t i l l ö g u:

3. gr. tillögunnar orðist svo:

Meirihluti framkvæmdanefndar Þjóðkirkjunnar er bær til þess að rita firmað Þjóðkirkjan og gera bindandi löggæringa. Felst m.a. í því heimild til að rita undir öll skjöl er varða fasteignir Þjóðkirkjunnar svo sem kaupsamninga, afsöl, leigusamninga, veðleyfi, skuldabréf og skiptasamninga.

Framkvæmdanefnd veitir framkvæmdastjóra rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar prókúruumboð. Nefndin getur einnig veitt tilteknum starfsmönnum Þjóðkirkjunnar prókúruumboð.

Reykjavík, 14. nóvember 2023

Meiri hluti fjárhagsnefndar

Arna Grétarsdóttir.

Árni Helgason.

Einar Örn Björgvinsson.

Einar Már Sigurðarson.

Guðni Már Harðarson, varaformaður.

Hildur Inga Rúnarsdóttir.

Margrét Eggertsdóttir, formaður.

Sigurður Grétar Sigurðsson.